

L ö g

um

laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Sýslumönnum og bæjarfógetum skulu veitt ákveðin laun úr landssjóði, svo sem segir í lögum þessum. Aptur á móti renna afdráttarlaust í landssjóðinn tekjur þær, sem embættismenn þessir hafa hingað til að launum haft, hvort heldur eru manntalsbókargjöld eða skattur sá, sem í þeirra stað kemur, tekjur af ljensjörðum, umboðslaun og aukatekjur, nema þær, sem undan skildar eru í 2. grein laga þessara.

2. grein.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu halda óskertum gjöldum þeim, sem þeim bera fyrir innheimtu aðflutningsgjalds á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, samkvæmt tilsk. 26. dag febrúar 1872, 10. gr., sbr. lög 11. febr. 1876, og á tóbaki samkvæmt lögum 11. dag febrúar 1876, 3. grein, svo og gjöldunum fyrir eptirlit með útlendum fiskiskipnum samkvæmt lögum 17. desbr. 1875.

3. grein.

Lögþingisskrifaralaun, og lögrjettumannalaun þau, sem sýslumenn hafa hingað til greitt til landssjóðs, skulu af numin. Svo skal og af numinn hundraðsfiskur sá á Vestmannaeyjum, sem goldinn er sýslumanninum þar á eyjunum.

4. grein.

Sýslum landsins skal skipt í fjóra flokka. Laun sýslumanna í sýslum þeim, sem teljast til 1. flokks, eru 3500 kr. árlega; í sýslum þeim, sem teljast til 2. flokks, 3000 kr.; í sýslum þeim, sem teljast til 3. flokks, 2500 kr., og í 4. flokki 2000 kr.

Í 1. flokki eru:

1. Árnessýsla.
2. Húnavatnssýsla.
3. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.
4. Þingeyjarsýsla.

Lov

om

Lønninger for Syselmænd og Byfogder.

Nr. 24.
14de
Decbr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Bothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Syselmænd og Byfogder skulle lønnes med fast Gage af Landskassen efter de i nærværende Lov fastsatte Regler, hvorimod de disse Embedsmænd hidtil tillagte Indtægter, værefsig Mandtalsbogsintrader eller den disse afslørende Skat, Indtægter af Embedsjord, Administrationsfælcer samt Sportler, uden Afdrag tilflyde Landskassen, alene med den i nærværende Lovs § 2 gjorte Undtagelse.

§ 2.

De Syselmændene og Byfogderne for at indkræve Indførselsafgift af Brændevin og andre spirituøse Drikkevarer i Henhold til Forordning af 26de Februar 1872 § 10, jfr. Lov af 11te Februar 1876, og af Tobak ifølge Lov af 11te Februar 1876 § 3 samt for Eftersyn af fremmede Fiskerflibe ifølge Lov af 17de December 1875 tilkommende Gebyrer beholde vedkommende Embedsmænd ubeskkaarne.

§ 3

Den af Syselmændene hidtil til Landskassen erlagte Laugthingskriverløn og Laugrettesmændsløn bortfalder. Ligeledes ophæves den til Syselmanden paa Bestmannøerne under Navn af Hundredsfiff erlagte Afgift.

§ 4.

I Henseende til Lønning inddeles samtlige Landets Sysler i 4 Klasser: 1ste Klasse lønnes med 3500 Kr. aarlig, 2den Klasse med 3000 Kr., 3die Klasse med 2500 Kr. og 4de Klasse med 2000 Kr.

Til 1ste Klasse henregnes:

1. Arnes Sysfel;
2. Hunavats Sysfel;
3. Myra og Borgarfjords Sysfel;
4. Thingø Sysfel.

Nr. 24.
14.
desbr.

I 2. flokki eru:

1. Skaptafellssýsla.
2. Rangárvallasýsla.
3. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
4. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
5. Isafjarðarsýsla.
6. Skagafjarðarsýsla.
7. Eyjafjarðarsýsla.
8. Norður-Múlasýsla.

I 3. flokki eru:

1. Dalasýsla.
2. Barðastrandarsýsla.
3. Strandasýsla.
4. Suðurmúla sýsla.

I 4. flokki er:

Vestmannaeyjasýsla.

5. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir að launum 3000 kr. árlega, og að auki 1000 kr. í skrifstofukostnað. Bæjarfógetarnir á Ísafirði og Akureyri hafa hvor í laun 500 kr. árlega.

6. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland gjörir ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, lögum þessum til framkvæmdar.

7. grein.

Hinar almennu ákvarðanir í lögum um laun embættismanna m. fl. 15. dag októbermánaðar 1875, 1.—7. gr., skulu einnig ná til sýslumanna og bæjarfógeta, að því leyti, er snertir 7. grein tjeðra laga þannig, að tekjur þær, sem þeir hafa haft hingað til, sju taldar eptir því, sem þær hafa verið að meðatali um 5 ára bilið 1871—75 og verður hvorki tekið af launum þeirra, nje þau aukin, meðan þeir eru í sama embætti.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 6. dag júním. 1878.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 14. dag desbrm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.

Til 2den Klasse henregnes:

1. Skaptafells Sysfel;
2. Rangarvalla Sysfel;
3. Gullbringu og Kjos Sysfel;
4. Snæfellsnes og Gnappadals Sysfel;
5. Saffjords Sysfel;
6. Skagaffjords Sysfel;
7. Djfjords Sysfel;
8. Norðermule Sysfel;

Nr. 24.
24de
Decbr.

Til 3die Klasse henregnes:

1. Dala Sysfel;
2. Bardastrands Sysfel;
3. Stranda Sysfel;
4. Søndermule Sysfel.

Til 4de Klasse henregnes:

Westmannø Sysfel.

§ 5.

Byfogden i Reykjavik lønnes med 3000 Kr. aarlig, hvorhos der som Vederlag for Kontorudgifter tillægges ham 1000 Kr. aarlig. Byfogderne i Saffjordi og Akureyri lønnes hver med 500 Kr. aarlig.

§ 6.

Ministeren for Island træffer de fornødne Foranstaltninger til Gjennemførelsen af nærværende Lov.

§ 7.

De almindelige Bestemmelser i Lov om islandske Embedsmænds Lønningsforhold m. m. af 15de Oktober 1875 §§ 1—7 finde ogsaa Anvendelse paa Syselmænd og Byfogder, med Hensyn til bemeldte Lovs § 7 saaledes, at disses hidtilværende Indtægter beregnes efter Gjennemsnittet af de 5 Aar fra 1871—1875. Lønningen kan hverken nedsættes eller forøges, saa længe den Paagjældende beklæder det samme Embede.

§ 8.

Denne Lov træder i Kraft den 6te Juni 1878.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.